



Reykjavík 5. september 2022

Ályktun Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og Listfræðafélags Íslands

Samband íslenskra myndlistarmanna og Listfræðafélag Íslands vekja athygli á að samkvæmt myndlistarlögum er Listasafn Íslands höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal vera miðstöð faglegrar umræðu, varðveislu og rannsókna á sviði myndlistar.

Tilfærsla safnstjóra Listasafns Íslands í stöðu þjóðminjavarðar er stjórnvaldsákvörðun. Degi eftir að tilkynnt var um hana var staða safnstjóra Lí auglýst með þriggja vikna umsóknarfresti. Gert er ráð fyrir að nýr safnstjóri taki við rúnum mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Ákvörðunin lýsir metnaðarleysi, skorti á fyrirhyggju og skilningsleysi þegar kemur að hlutverki safnstjóra Listasafns Íslands.

SÍM og Listfræðafélag Íslands vilja ekki gera lítið úr mikilvægi leiðtogahæfni stjórnenda, en vekja athygli á mögulegum áhrifum þess á starfsemi sérhæfðra stofnana ef yfirmenn þeirra búa ekki yfir tilskilinni sérfræðipækkingu á starfssviði viðkomandi stofnunar. Safnstjóra Listasafns Íslands er m.a. ætlað að stjórna listaverkainnkaupum, sýningarhaldi, fræðslu, útgáfu og þjónustu og skipuleggja rannsóknir. Safnstjóri Listasafns Íslands þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu á íslenskrri myndlist. Leiðtogahæfni ein og sér dugar skammt til að sinna þessum verkefnum.

SÍM og Listfræðafélag Íslands gera því alvarlegar athugasemdir við þær áherslur sem eru lagðar í auglýsingu um stöðu safnstjóra Listasafns Íslands og þann skamma fyrirvara sem tilvonandi safnstjóri hefur til að taka við embættinu. Það er mikilvægt að slík embætti séu auglýst með góðum fyrirvara og ráðning tilkynnt nokkrum mánuðum áður en viðkomandi tekur við stöðunni. Félögin skora á ráðherra að endurskoða starfshætti sína og taka ekki ákvarðanir sem kasta rýrð á starfsemi og ásýnd helstu menningarstofnana þjóðarinnar.

Fyrir hönd SÍM og Listfræðafélagsins

Anna Eyjólfsson formaður SÍM

Margrét Elísabet Ólafsdóttir
formaður Listfræðafélags Íslands